

Nr. 17

7. október 1999

## AUGLÝSING

### um samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna þróunarsjóðinn.

Hinn 27. maí 1999 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna þróunarsjóðinn sem gerður var í Stokkhólmi 9. nóvember 1998. Samningurinn öðlaðist gildi 18. september 1999. Um leið féll úr gildi samningur um stofnun norræns þróunarsjóðs frá 3. nóvember 1988.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. október 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*

### Fylgiskjal.

### SAMNINGUR milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna þróunarsjóðinn.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja efla og þróa frekar norræna þróunarsamvinnu með Norræna þróunarsjóðinn sem sameiginlega, alþjóðlega þróunarstofnun með sömu stöðu og aðrar lögpersónur er stunda sambærilega starfsemi á eða utan Norðurlanda, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

## 1. gr.

Norræni þróunarsjóðurinn, sem á ensku nefnist Nordic Development Fund, hér á eftir nefndur „sjóðurinn“, hefur það hlutverk að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í þróunarlöndunum með því að taka þátt í fjármögnun verkefna í þágu Norðurlanda á ívilnandi kjörum.

Sjóðurinn skal vera alþjóðleg löggjafingvöld með fullt gerhæfi, einkum rétt til að gera samninga, kaupa og selja fasteignir og lausafjármuni sem og að skjóta málum til dómstóla eða annarra yfirvalda.

## 2. gr.

Starfsemi sjóðsins skal fara fram í samræmi við samþykktir hans sem Norræna ráðherraefndin hefur staðfest. Norræna ráðherraefndin getur með ákvörðun breytt þessum samþykktum að tillögu eða að fengnu álit stjórnar sjóðsins.

## 3. gr.

Samningsaðilar leggja fram stofnfé sjóðsins. Norræna ráðherraefndin tekur ákvörðun um hækkun stofnfjár að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Í samþykktum sjóðsins er greint frá upphæð stofnfjár, mögulegri hækkun þess og skiptingu þess á milli samningsaðila.

## 4. gr.

Höfuðstöðvar sjóðsins skulu vera í höfuðstöðvum Norræna fjárfestingarbankans.

## 5. gr.

Aðeins má höfða mál gegn sjóðnum fyrir bærum dómstóli í landi þar sem sjóðurinn hefur skrifstofu eða þar sem hann hefur skipað umboðsmann til að taka við stefnu eða sem sjóðurinn hefur samþykkt berum orðum. Aðeins er þó unnt að höfða mál af hálfu samningsaðila eða einstaklinga sem eru fulltrúar samningsaðila eða eiga kröfur sem eiga rætur að rekja til samningsaðila að því tilskildu að sjóðurinn hafi samþykkt það berum orðum.

Ekki má framfylgja ákvörðun dómsvalds eða stjórnarsýsluvalds varðandi eignir sjóðsins fyrir en ákvörðunin hefur tekið gildi að lögum.

## 6. gr.

Eignir sjóðsins skulu vera undanþegnar húsleit, upptöku heryfirvalda, eignaupptöku og eignarnámi.

Ekki er unnt að beita bráðabirgðatryggingarárstöfnum, svo sem kyrrsetningu, gegn sjóðnum eða eignum hans.

## 7. gr.

Húsnæði sjóðsins og skjalasafn, svo og þau gögn sem tilheyra sjóðnum eða hann á, skulu njóta friðhelgi.

## 8. gr.

Sérhver samningsaðili skal veita opinberum samskiptum sjóðsins sömu meðferð og hann veitir opinberum samskiptum annars samningsaðila.

## 9. gr.

Sjóðurinn, tekjur hans og eignir skulu vera undanþegin allri skattlagningu eins og nánar er kveðið á um í þessari grein.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn skattlagningu vegna kaupa og framsals fasteigna og verðbréfa þegar um er að ræða opinbera notkun sjóðsins.

Fjárfestingarstarfsemi sjóðsins og hækkun stofnfjár hans skulu undanþegnar allri skattlagningu og gjöldum skattalegs eðlis.

Þegar sjóðurinn, eða aðrir sjóðir sem eru beint tengdir starfsemi hans og hann rekur beint, kaupa vöru eða þjónustu, sem er nauðsynleg vegna opinberrar starfsemi hans, fyrir umtalsverða fjárhæð og

skattur eða tollur er innifalinn í verðinu skal sá samningsaðili, sem lagði á skattinn eða tollinn, gera viðeigandi ráðstafanir til að veita undanþágu frá þeim eða sjá til þess að þeir séu endurgreiddir, ef unnt er að ákvarða upphæðina.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til skatta og gjalda sem eru eingöngu greiðsla vegna þjónustu sem hið opinbera veitir.

## 10. gr.

Allir stjórnarmenn, varamenn þeirra, starfsmenn sjóðsins og sérfræðingar skipaðir af honum skulu, án tillits til þjóðernis, undanþegnir málsókn vegna starfa sinna á vegum sjóðsins. Sjóðurinn getur þó aflétt þessari friðhelgi skv. 14. gr. Friðhelgi gildir þó ekki ef um er að ræða einkaréttarlega ábyrgð á tjóni sem áður nefndir einstaklingar valda í umferðarslysi.

## 11. gr.

Allir stjórnarmenn, varamenn þeirra, starfsmenn sjóðsins og sérfræðingar skipaðir af honum sem sinna opinberum verkefnum á vegum sjóðsins

- 1) skulu vera undanþegnir innflytjendatakmörkunum og gildir það einnig um maka þessara einstaklinga og ættingja þeim háða,
- 2) geta, ef sérstök þörf krefur, notið ferðafriðinda í samræmi við alþjóðavenju hjá stofnunum með sambærilega starfsemi.

## 12. gr.

Sjóðurinn getur tekið við og átt fé í öllum tegundum gjaldmiðla og átt reikninga í öllum tegundum gjaldmiðla. Sjóðnum er og frjálst að flytja fé sitt, þ.m.t. erlendan gjaldmiðil, til og frá ríki samningsaðila, innan þess og skipta hverjum þeim gjaldmiðli sem hann á í hvaða annan gjaldmiðil sem er.

## 13. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn greiðsluhöftum og aðgerðum í útlánamálum sem á einhvern hátt hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins.

## 14. gr.

Sérrettindi og friðhelgi samkvæmt samningi þessum eru einungis til þess ætluð að gera sjóðnum kleift að sinna hlutverki sínu en ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila.

Pegar stjórn sjóðsins telur það honum fyrir bestu getur hún, í þeim mæli og með þeim skilyrðum sem hún setur, aflétt þeirri friðhelgi og afnumið þau sérrettindi sem samningur þessi felur í sér.

## 15. gr.

Norræna ráðherranefndin getur ákveðið að leggja sjóðinn niður samkvæmt þeim reglum sem samþykktir hans kveða á um.

## 16. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir að allir samningsaðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu um staðfestingu sína á samningnum, þó þannig að ákvæðum 9. gr. er beitt frá 1. janúar 1998. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsaðilunum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

Samningurinn skal vera í vörslu sænska utanríkisráðuneytisins sem skal senda staðfest eftirrit til allra samningsaðila.

Samningurinn frá 3. nóvember 1988 um stofnun norræns þróunarsjóðs fellur úr gildi um leið og samningur þessi öðlast gildi.

## 17. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt samningnum upp með yfirlýsingu þar að lútandi til sænsku ríkisstjórnarinnar sem tilkynnir hinum samningsaðilunum, Norrænu ráðherranefndinni og stjórn sjóðsins umsvifalaust um uppsögnina.

Uppsögnin tekur gildi í fyrsta lagi í lok næsta reikningsárs eftir að hún var tilkynnt.

Taki Norræna ráðherranefndin, að fenginni uppsögninni, ekki ákvörðun um að sjóðurinn skuli lagður niður skal hún áður en uppsögnin tekur gildi taka ákvörðun um hvernig haga skuli uppgjöri sjóðsins og þess samningsaðila sem sagði samningnum upp. Í því sambandi skal tryggt að það ríki, sem hættir aðild, beri áfram ábyrgð eins og aðrir samningsaðilar á þeim skuldbindingum sjóðsins sem eru fyrir hendi þegar viðkomandi ríki hættir aðild.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningsaðilanna fimm, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi 9. nóvember 1998 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.